



Reykjavík 12. júní 2020

Efni: Leiðbeiningar fyrir vinnuskóla sveitarfélaga

Önnur tilslökun á samkomubanni tekur gildi 15. júní n.k. og gildir til 5. júlí, aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Mikilvægt er að fylgjast með ákvörðun ráðuneytis um hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma til að fylgja fjöldatakmarkunum. Þær eru kynntar með auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins.

Fjöldatakmarkanir eru ennþá í gildi í íslensku samfélagi, núgildandi reglur kveða á um að ekki komi fleiri en 500 manns saman, reglurnar gilda bæði í opinberum sem og einkarýmum. Með rými er hér átt við það svæði sem starfsmenn nota við störf sín, þ.e. ekki mega fleiri en takmörk segja til um nota sömu salerni, sömu fundaraðstöðu eða kaffistofu. Börn fædd árið 2005 og síðar teljast ekki með í fjölda.

Flokkstjórar þurfa að viðhalda tveggja metra fjarlægðarreglu sín á milli eins og kostur er.

Áherslu punktar:

- Börn á grunnskólaaldri mega blandast saman við skilgreindar aðstæður lögbundinnar þjónustu (s.s. í skólastarfi) og í æskulýðsstarfi og þarf því ekki að fækka þeim hópum sérstaklega nema vegna flokkstjóra.
- Ef starfsfólk notar vinnubíla, þarf að viðhalda tveggja metra fjarlægðarregluna eins og kostur er. Bendum á leiðbeiningar fyrir atvinnubílstjóra sjá [hér](#).
- Kaffitímar flokkstjóra þurfa að vera takmarkaðir í samræmi við gildandi hámark hverju sinni og viðhalda þarf tveggja metra fjarlægðarreglu eins og kostur er.
- Strætóferðir með hópa eru í lagi, þar þarf að virða þær reglur sem gilda í strætó, sjá [hér](#).
- Á námskeiðum sem þarf að halda fyrir leiðbeinendur þarf að viðhalda tveggja metra fjarlægðarregluna eins og kostur er og gildandi fjöldatakmarkanir.
- Komi upp smit eða grunur um smit á leikjanámskeiði eða meðal sumarstarfsmanna í vinnuskóla þá er það smitrakningarteymi sem tekur ákvarðanir varðandi einangrun og sóttkví sem og með framhald námskeiðs. Sjá viðhengi að gátlista hér fyrir neðan.

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 er í gildi og því mikilvægt viðhafa áfram almennar sóttvarnaráðstafanir samkvæmt gildandi reglum.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Að á vinnustöðum og í allri starfsemi sé tryggt að hægt sé að viðhalda tveggja metra fjarlægðarreglu milli einstaklinga eins og kostur er.
- Að gera ráð fyrir því að einstaklingar sem vilja virða tveggja metra fjarlægðarregluna geti gert það hvort sem það er í starfi eða á fundum eða í kaffi og hádegistímum.

- Þrifa verkfæri bæði milli hópa sem og í lok dags.
- Hreinsa/sóttgreinsa alla snertifleti eins oft og unnt er.
- Starfsmenn bera ábyrgð á sínum vinnufatnaði og ber að þvo reglulega.
- Spritta skal öryggisvesti í lok dags.
- Aðgangur að sóttgreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.

Ef upp kemur smit þarf að fylgja eftirfarandi gátlista: <https://www.ahs.is/wp-content/uploads/2020/04/Lei%C3%B0beiningar-ef-upp-kemur-smit-%C3%AD-stofnunum-og-%C3%A1-starfst%C3%B6%C3%B0vum-sveitarf%C3%A9laga-30.04.2020.pdf>

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is

Auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins er að finna [hér](#).